



MS6 · Stjórnsýsla og fjármögnun

Dagsetning: 15.9.2026

Til: Vinnuhópa um öryggi, húsnæði og búsetu og skólahald

Frá: Sigurði Rúnari Karlssyni og Dóru Hjálmarsdóttur

Efni: Vísir um stjórnsýslu og fjármögnun, sem stendur utan mats verkefnahópanna og fylgir sem sérstakt skjal

Tilgangur skjalsins

MS6 um stjórnsýslu og fjármögnun stóð áður í minnisblaði um vægi vísa í húsnæði og búsetu og bar þar 0 prósent vægi. Hann fylgir nú sem sérstakt skjal, samkvæmt ákvörðun um að hann standi utan hópa og án mælingar.

Vísirinn er ekki hluti af mati verkefnahópanna og ber ekki vægi í neinni heildarniðurstöðu. Hann er notaður til að fylgja mikilvægum aðgerðum eftir til samráðs, svo þær gleymist ekki milli hópa og fái umfjöllun þar til verkefninu lýkur með lokaskjali. Aðgerðirnar í honum eru mikilvægar stuðningsaðgerðir sem þegar eru fyrir hendi, en þær eru ekki forsendur í dag.

Lýsing vísisins

Ábyrgð, umboð, fjármögnun og fyrirkomulag ákvarðanatöku þurfa að vera nógu skýr til að standa undir þjónustu, innviðum og verkefnum sem samfélagið reiðir sig á við langvarandi óvissu og endurteknar rýmingar. Vísirinn snýr einkum að skörun ábyrgðar, þeim verkefnum sem falla hvorki skýrt undir sveitarfélag, ríki né stofnanir þess, því fjármögnunaróvissan er afleiðing af óskýrri ábyrgðarskiptingu fremur en rót hennar.

Mælt er hvort ábyrgð, umboð og fjármögnun þeirra verkefna sem talin eru upp séu skýr og varanleg. Kvarði aðgerða er sá sami og í öðrum vísunum: **1** ef aðgerð er í fullri virkni, **0,75** ef hún er í virkni en þarf eftirfylgni, **0,5** ef hún er í vinnslu, **0,25** ef hún er hafin en skammt á veg komin, og **0** ef hún er ekki hafin eða staða hennar er óljós.

Númer aðgerða

Aðgerðir bera tvö númer þar sem því verður við komið: fyrst númer innan MS6, sem vísar í erindi til samráðshóps, og svo hlaupanúmer aðgerðarinnar í aðgerðaskjali vinnuhópanna. Þannig er 3a/251 þriðja erindið um snjómokstur og jafnframt aðgerð 251 í öryggishópi. Aðgerðir sem eiga sér enga samsvarandi aðgerð í hópunum bera aðeins MS6-númer, enda eru þær hreint fjármögnunarmál.

Aðgerðir

Nr	Aðgerð	Tengist hópi	Flokkur	Vægi	Staða	Stig
61	Kortlagning ófjármagnaðra verkefna		Forsenda	20%	1	20

		Sameiginleg forsenda				
Forsendur samtals		20%			20	
1/60	Sjúkrabíll, einmenningsviðbragð	Öryggi	Styrking	10%	0,25	2,5
2/2	Slökkvilið, varanleg fjármögnun umframkröfu	Öryggi	Styrking	15%	0,5	7,5
3a/251	Snjómokstur á flóttaleiðum	Öryggi	Styrking	10%	0,25	2,5
3b/255	Snjómoksturstæki tilbúið innanbæjar	Öryggi	Styrking	10%	0,25	2,5
4	Stofnveitur, tryggingar og fjármögnun	Húsnæði og búseta	Styrking	5%	0	0
5/224	Varavatnsból, fjármögnun lagnaleiðar	Húsnæði og búseta	Styrking	10%	0,5	5
6	Fast varaafli fyrir rafmagn	Húsnæði og búseta	Styrking	5%	0	0
7	Skammtímaúrræði komi til lengri rýmingar	Húsnæði og búseta	Styrking	2,5%	0	0
8	Cell Broadcast	Öryggi	Styrking	2,5%	0	0
9/7	Varnargarðar, framtíðarábyrgð og eignarhald	Öryggi	Styrking	2,5%	0,5	1,25
10/277	Útbúa reglur um takmörkun á notkun hættulegra húsa	Húsnæði og búseta	Styrking	5%	0,25	1,25
11/205	Fyrirspurn um áætlanir varðandi hringtengingu rafmagns á Reykjanesi	Húsnæði og búseta	Styrking	2,5%	0,25	0,62
Styrkingar samtals		80%			23,12	
Niðurstaða vísisins		100%			43,12%	

Vísirinn mælist 43,12 prósent, rautt. Hann ber ekkert vægi og telur ekki inn í neina heildarniðurstöðu. Litur í dálknum Tengist hópi merkir hóp en ekki stöðu, ólíkt þolmarkalitum að öðru leyti: blátt fyrir öryggi, appelsínugult fyrir húsnæði og búsetu, og grænt fyrir skólahald.

Um niðurstöðuna

Aðgerðirnar eru þeir liðir sem vísað var til samráðshóps forsætisráðuneytis og Grindavíkurbæjar. Kortlagningin er unnin, en ekkert atriðanna hefur varanlega fjármögnun.

Niðurstaðan er ekki áfellingisdómur yfir sveitarfélaginu. Flest atriðin eru mál sem ríkið eða stofnanir þess þurfa að afgreiða, og það er einmitt það sem vísirinn á að sýna. Fjórar af tólf styrkingum eru ekki hafnar og fjórar til viðbótar eru skammt á veg komnar.

Litur í dálknum Tengist hópi sýnir að aðgerðirnar tengjast tveimur verkefnahópum. Sex snerta öryggi og sex húsnæði og búsetu. Kortlagning ófjármagnaðra verkefna er sameiginleg forsenda þeirra allra. Í rýni var lagt til að vísinum yrði skipt upp eftir hópum, en styrkur hans felst í heildarmyndinni: hann sýnir hve mörg ófjármögnuð verkefni bíða afgreiðslu ríkisins og stofnana þess. Sé listanum skipt hverfur sú mynd og hvert brot verður lítið mál innan síns hóps.

Ábyrgð og samvinna

Ábyrgð allra aðgerða liggur hjá bæjarstjóra Grindavíkurbæjar, í nokkrum tilvikum ásamt sviðsstjóra eigna- og veitusviðs eða slökkviliðsstjóra. Samvinna er við samráðshóp ráðuneyta og verkefnastjóra málefna Grindavíkur.

Nr	Aðgerð	Tímamörk
61	Kortlagning ófjármagnaðra verkefna	óljóst
1/60	Sjúkrabíll, einmenningsviðbragð	óljóst
2/2	Slökkvilið, varanleg fjármögnun umframkröfu	31.12.2026, samningslok
3a/251	Snjómokstur á flóttaleiðum	óljóst
5/224	Varavatnsból, fjármögnun lagnaleiðar	óljóst
9/7	Varnargarðar, framtíðarábyrgð og eignarhald	2026–2027
11/205	Fyrirspurn um hringtengingu rafmagns á Reykjanesi	ekki fyrir 2034

Aðgerðir sem ekki eru taldar hér bera engin skráð tímamörk.

15.9.2026
Sigurður Rúnar Karlsson, eigna- og veitustjóri, Grindavíkurbær
Dóra Hjálmarsdóttir, Verkís